

Ed.

211. Nefndarálit

[89. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl., nr. 30 25. maí 1960.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Í upphafi þings boðaði fjármálaráðherra það, að sá greiðsluhalli, sem orðinn var hjá ríkissjóði vegna verðbólguþefnu stjórnarinnar, yrði jafnaður án nýrra, almennra skatta.

Þó að leitast hafi verið við að velja þannig skattstofna, að sem minnst áhrif hefðu á vísitöluna, hefur vissulega orðið á því mikill misbrestur, að við þetta fyrirheit ráðherrans væri staðið.

Ávextir þessa ráðherraboðskapar eru m. a. hækkun eignarskatts á fasteignir, hækkaðar aukatekjur ríkissjóðs, hækkað benzingjald, hækkaður þungaskattur, nýr skattur á bifreiðar, rafmagnsskattur. Víst hafa þessir nýju skattar áhrif til hækkunar almenns verðlags, þótt ekki komi það allt fram í vísitölunni. Þeir skattar, sem hér eru nefndir, munu létta pyngju þegnanna um nál. 200 milljónir króna, en koma þó ríkissjóði að litlu haldi, þegar frá líður, ef óbreyttri stefnu er haldið í dýrtiðarmálunum.

Einnig var boðaður sérstakur skattur á ferðamenn, sem færu út fyrir landsteinana, og átti að gefa 25 milljónir í ríkissjóð. Ríkisstjórnin gafst upp við þann skatt og hefur í staðinn lagt fram þetta frv. um skatt á alla gjaldeyrissölu banka, en hann á að gefa 35 milljónir króna.

Varla fer þó milli mála, að þessi skattur sé almennur í skilningi fjármálaráðherrans, því að hann leggst á allar innfluttar nauðsynjavörur og hækkar verðlag þeirra ekki aðeins um þær 35 millj. kr., sem hann sjálfur nemur, heldur einnig meira, sem svarar söluskatti og álagningu á þá upphæð.

Skattur þessi mun því enn auka dýrtiðina og skaða efnahagslíf landsins. Við viljum enn einu sinni benda á, að sá vandi, sem við er að etja í efnahagsmálum þjóðarinnar, á rót sína að rekja til þeirrar dýrtiðarstefnu, sem fylgt hefur verið, og hann verður ekki leystur með því að leggja á nýja skatta, sem aftur koma fram í verðlaginu.

Vandinn verður því aðeins leystur, að tekin verði upp ný efnahagsstefna og rofinn sá vítahringur ofsköttunar og óhófseyðslu, sem ríkisstjórnin hefur smíðað á undanförunum árum.

Við leggjum til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 16. des. 1965.

Helgi Bergs, Karl Kristjánsson.
frsm.